

REGLUGERÐ

130

31. des.

um vörugjöld til bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar skal greiða vörugjald af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land, og úr landi á skipsfjöllum, með undantekningum þeim, sem síðar verða nefndar.

2. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur sem samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annara hafna en Vestmannaeyja, en eru láttnar þar á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi eða í misgripum.
- b. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskafurðir, þegar þetta er flutt á land.
- c. Kol, olía og vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar úr landi.
- d. Póstur og farangur ferðamanna.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar og annara fyrirtækja bæjarfélagsins.
- f. Allt sem flutt er milli eyjanna innbyrðis.
- g. Vörur sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu á land í Vestmannaeyjum.

3. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum. Brot úr gjald-einingu, sem nemur meira en helmingi, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskapar vottorð um vörumagn, sem skip hans flytur eða hefir flutt. Þyki bæjarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiði farmeigandi kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Við útreikning vörugjalds skal leggja saman hvern vöruflokk, sem saman stendur á farmskránni, ef mótakandi eða sendandi er sami maður.

4. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds, eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald skal greiða eins og þar segir. Þó skal aldrei reikna lægra vörugjald en 10 aura. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal bæjarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til fjárhagsnefndar.

5. gr.

Vörugjaldið skal greiða á skrifstofu hafnarinnar um leið og greitt er vörugjald til hafnarsjóðs og er afgreiðslumönnum skipa óheimilt að afhenda vöru eða flytja hana út, fyrri en sýnd hefir verið kvittun fyrir greiðslu gjaldsins. Þegar enginn er afgreiðslumaður skips er skipstjóra óheimilt að afhenda eða flytja út vöru, fyrri en sannað hefir verið fyrir þeim, að gjaldið sé greitt. Skipstjóri og afgreiðslumaður bera ábyrgð á greiðslu gjaldsins ef brugðið er út af þessu.

Vörugjaldsskrá.

1. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir 100 kg. Kol, kornvörur, áburður.
2. — Gjald 5 aurar fyrir hver 100 kg. Nýr fiskur fullsaltaður en óverkaður fiskur, salt, ís.
3. — Gjald 8 aurar fyrir hver 100 kg. Saltfiskur sem ekki fellur undir 2. flokk.
4. — Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg. Steinolía, áburðarolía, benzín, cement.
5. — Gjald 12,5 aurar fyrir hver 100 kg. Veifaræri, hrogn, lýsi, sundmagi, fiskimjöl, kartöflur, rófur, síld, bein.
6. — Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem venja er til að greiða flutningsgjöld fyrir eftir þyngd.
7. — Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet. Trjáviður og þess háttar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
8. — Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet. Húsgögn, hljóðfæri og aðrar létta-vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
9. — Gjald 12,5 aurar fyrir hvert stykki. Tómar tunnur.
10. — Gjald 10 aurar fyrir hvert stykki. Sauðfénaður.
11. — Gjald 1 króna fyrir hvert stykki. Nautgripir, hross.

7. gr.

Af vörum sem fluttar eru til innanlandshafna greiðist hálfvörugjald.

8. gr.

Vörugjald samkvæmt reglugerð þessari er fallið í gjalddaga, þegar skip eða bátar eru komnir í höfn með vöruna, eða varan komin á skip til burtflutnings.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68 31. desember 1937, um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926 um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, til þess að öðlast þegar gildi og til að gilda til ársloka 1938. Birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. desember 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.